

UMHVERFISSTEFNA KJÓSARHREPPS

SJÁLFBÆRNI Í SVEITASÆLUNNI

Kjósarhreppur er sveitarfélag, þar sem virðing er borin fyrir náttúru og menningarminjum og þar sem hlúð er að fólki og umhverfi. Stefna Kjósarhrepps er að vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftlagsmálum. Hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna skulu höfð að leiðarljósi við allar ákvarðanatökur, skipulag, framkvæmdir, rekstur, innkaup og aðra starfsemi á vegum sveitarfélagsins og eins markmið stjórnvalda um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040.

Sjálfbær þróun gerir okkur kleift að uppfylla þarfir okkar án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóðar til að mæta sínum þörfum. Verkefni sveitarfélagsins, skipulag og framtíðarsýn er í anda sjálfbærrar þróunar þar sem hugað er jafnt að umhverfisþáttum, félagslegri velferð og hagrænum þáttum. Hlýnun jarðar er eitt stærsta umhverfisvandamál þessarar aldar og ljóst er að allir þurfa að snúa bökum saman til að takast á við það.

Íbúum og gestum Kjósarhrepps skal tryggður aðgangur að hreinu vatni, hreinu lofti, hreinni og fallettri náttúru og aðgengilegum útivistarsvæðum.

Náttúru og menningarminjar

Kjósarhreppur stendur vörð um þær náttúru- og menningaminjar sem eru í hreppnum, sveitabúskap, líffræðilegan fjölbreytileika og sérkenni fjöru og fjalla.

Vinna skal að skjótri friðlýsingu svæða á Náttúruminjasrá í samvinnu við landeigendur og Umhverfisstofnun. Umhverfisnefnd skal árlega gera úttekt á svæðum með náttúru- og menningarminjum og gera tillögur að skráningu á Náttúruminjasrá eða um hverfisvernd innan aðal- eða deiliskipulags.

Umhverfisnefnd skal setja sér skýr markmið fyrir hvert ár. Gera skal áætlun til lengri tíma um uppbyggingu á vinsælum náttúru- og útivistarsvæðum til að fyrirbyggja skemmdir og rask



Sjálfbært landbúnaðarhérað

Kjósarhreppur vill vera fyrirmynd í sjálfbærri og hreinni matvælaframleiðslu á Íslandi og styður við vistvænan og lífrænan landbúnað. Leitast skal við að liðka fyrir nýjum stefnum og straumum í vinnslu og sölu afurða og fjölbreyttri nýsköpun í matarmenningu landbúnaðarafurða.



Skógrækt og landgæði

Komið verði í veg fyrir skemmdir á örfoka landsvæðum með uppgræðslu og skógrækt í samvinnu við landeigendur, opinbera aðila og félagasamtök. Unnið verði að endurheimt mikilvægra vistkerfa eins og votlendis og birkiskóga. Hefta skal útbreiðslu ágengra erlendra plöntutegunda með því að slá þær á ákveðnum svæðum.



Umhverfi og meðhöndlun úrgangs

Lögð verði áhersla að koma í veg fyrir hvers kyns sóun verðmæta, myndun úrgangs og stuðla að endurnýtingu, flokkun og minnkun úrgangsefna. Auðvelda skal íbúum flokkun og veita sumarhúsagestum gott aðgengi að flokkunarstöðvum. Endurvinnslustöð hreppsins skal veita bestu mögulegu þjónustu hvað varðar aðgengi og flokkun.

Stuðla skal að því að umhverfi Kjósarhrepps sé fallett og snyrtilegt. Reglulega verði farið í hreinsunaráttak í samvinnu íbúa, lögaðila og félagasamtaka þar sem allir verði hvattir til að hreinsa sitt nærumhverfi og opin svæði.



Kjósarhreppur og umhverfið

Við allar ákvarðanatökur, framkvæmdir, rekstur, innkaup og aðra starfsemi á vegum sveitarfélagsins skal leitast við að neikvæð áhrif á umhverfi, náttúru og íbúa séu í lágmarki. Leggja skal áherslu á vistvæn innkaup á vörum og þjónustu og minnka kolefnisspor hreppsins með markvissum hætti.

1. Starfsmönnum sveitarfélagsins skal tryggð heilsusamleg og örugg starfsskilyrði.
2. Stuðla skal að vistvænum samgöngum með því að kanna möguleika á almenningssamgöngum, koma upp aðgengi að hleðslustöðvum fyrir rafmagnsbíla og byggja upp göngu, reið- og hjólreiðastíga í sveitarfélaginu.
3. Þekking og vitund um umhverfismál og umhverfsvæna lífshætti verði aukin með fræðslu til starfsmanna sveitarfélagsins, íbúa, og starfsmanna fyrirtækja í Kjósarhreppi.
4. Umhverfisstefnu skal birta opinberlega á vef hreppsins.
5. Við framkvæmd stefnunnar skal leitast við að hafa jafnræði allra íbúa og jafnrétti að leiðarljósi og tryggja aðgengi fatlaðra sem ófatlaðra.



Umhverfisnefnd Kjósarhrepps ber ábyrgð á gerð umhverfisstefnu og vinnur hana í samvinnu við hreppsnefnd hvað varðar framkvæmd, eftirlit og í samráði við íbúa. Stefnan skal endurskoðuð á fjögurra ára fresti. Halda skal grænt bókhald fyrir Kjósarhrepp og gefin út skýrsla reglulega um stöðu umhverfismála í hreppnum. Við gerð áætlana um umhverfismál skal hafa samráð við íbúa og hagsmunaaðila í sveitarfélaginu.

Umhverfisstefna Kjósarhrepps byggir á alþjóðlegum samþykktum, íslenskum lögum, reglugerðum Umhverfis- og Auðlindaráðuneytis og Umhverfisstofnunar og er í samræmi við Aðalskipulag Kjósarhrepps 2017-2029.

Samþykkt í hreppsnefnd 11. nóvember 2020.